

1876

Mánudaginn 25. nóvember 1991.

Nr. 242/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Kötlú Sigurgeirsdóttur

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Fjársvik. Skilorð. Sönnun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henryrson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1991 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu.

I.

Rannsókn vegna sakargifta í ákæru frá 18. júní 1990 er verulega ábótavant. Engin skýrsla var tekin af Eiríki Helgasyni, eiganda þess tékkheftis, sem ákærða er talin hafa falsað tékka úr, og engra gagna nýtur í málinu um rithönd hans. Rannsókn fór ekki fram á rithendi Ídu Harðardóttur, svo sem eðlilegt mátti þó teljast með hliðsjón af ætlaðri þátttöku hennar í meðferð tékkanna og óljósum framburði hennar og ákærðu. Aðeins í einu tilviki af sex voru skýrslur teknar af viðtakendum þeirra tékka, er þessi ákæra tekur til.

Með hliðsjón af framangreindum annmörkum rannsóknarinnar, reikulum framburði ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi og framburði vitna fyrir dómi verður ekki talið, að ákærvaldinu hafi tekist að færa fram alveg óyggjandi sönnun um sök ákærðu, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærðu af sakargiftum um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa gefið út þá þrjá tékka, sem lýst er í ákæru frá 23. júlí 1990. Hún vissi þá, að banka-reikningi hennar hafði verið lokað rúmlega hálfu ári áður að hennar

eigin ósk. Skýringar ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi um notkun tékkanna sem tryggingu og eftirfarandi óheimila notkun annarra á tveimur þeirra þykja svo órökstuddar og fjarri lagi, að þær verða eigi lagðar til grundvallar í málinu. Ber því að sakfella ákærðu fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þar sem ákærða er sýknuð af refsikröfu í ákæru frá 18. júní 1990, verður ekki dæmt um þær bótakröfur, sem fram voru settar vegna sakargifta í þeirri ákæru, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að hvorugur aðila óskaði þess, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, kæmu til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Stendur því óhögguð úrlausn héraðsdómara um skaðabætur vegna sakarefnis í ákæru frá 23. júlí 1990, sbr. 147. gr. laga um meðferð opinberra mála.

IV.

Nýtt sakavottorð ákærðu hefur verið lagt fram í Hæstarétti. Þar kemur fram, að 18. apríl 1991 gekkst ákærða undir dómsátt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð um sama efni nr. 16/1986. Ber því að tiltaka refsingu ákærðu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga auk 77. gr. sömu laga, eins og í héraðsdómi greinir.

Með framangreindum athugasemdum og hliðsjón af persónulegum högum ákærðu þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði sakarkostnað í héraði, eins og hann var ákveðinn í héraðsdómi.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða að hálfu á móti ríkissjóði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að með hliðsjón af andlegu ástandi ákærðu, sem svipt var sjálfræði með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1989, hefði verið rétt að skipa henni réttargæslumann við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, sem fram fóru dagana

8., 17. og 30. janúar 1990, sbr. 5. mgr. 80. gr. laga um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Katla Sigurgeirsdóttir, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur.

Ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði sakarkostnað í héraði, eins og hann er ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi

Ákærða greiði að hálfu á móti ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. maí 1991.

Ár 1991, mánudaginn 6. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 231/1991: Ákæruvaldið gegn Kötlu Sigurgeirsdóttur, sem tekið var til dóms 16. f.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 18. júní 1990 og 23. júlí 1990, á hendur ákærðu, Kötlu Sigurgeirsdóttur, atvinnulausri, til lögheimilis að Marargötu 7, Reykjavík, með dvalarstað að Snekkjuvogi 21, sama stað, kt. 140858-5449.

Með fyrri ákæru er kveðið á um málshöfðun á hendur ákærðu „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í nóvember 1989 í Reykjavík eftirtalda sex tékka, sem ákærða falsaði á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Austurstræti 19, Reykjavík, með nafni útgefanda, Eiríkur Helgason, og reikningsnúmeri 3426, en ákærða fékk síðan vinkonu sína, Ídu Harðardóttur, til að framselja tékkana og koma í verð fyrir sig, alla nema einn, sem ákærða framseldi sjálf. Tékkarnir eru allir dagsettir 6. nóvember og til handhafa nema einn:

1. Nr. 4303255, 8.000 kr. Notaður í Bókahöllinni, Glæsibæ, Álíheimum 74.

2. Nr. 4303256, 7.000 kr. Notaður í versluninni Útilífi, Glæsibæ.
 3. Nr. 4303258, 8.000 kr. Notaður í matvöruversluninni í Glæsibæ.
 4. Nr. 4303259, 8.000 kr. Notaður á einni af bensinstöðvum Olíufélagsins hf.

5. Nr. 4303260, 7.000 kr. Framseldur af ákærðu og notaður í verslun Hans Petersens hf., Glæsibæ.

6. Nr. 4303262, 15.000 kr., til Pósts og síma. Notaður í einu af póstútibúunum til að símsenda peninga norður á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar”.

Með síðari ákæru er málið höfðað á hendur ákærðu „fyrir tékkasvik með því að hafa gefið út til handhafa eftirtalda þrjá tékka á reikning sinn nr. 402 í Landsbanka Íslands, útibúinu á Raufarhöfn, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og notað tékkana í september 1989 til vorkaupa með eftirgreindum hætti í Reykjavík:

1. Nr. 0192503, 2.000 kr., dagsettur 11. september 1989. Notaður í Kjörbúðinni Laugarási við Norðurbrún.

2. Nr. 0192504, 3.000 kr., dagsettur 15. ágúst 1989. Notaður í einni af verslunum Nestis hf.

3. Nr. 0192511, 2.000 kr., dagsettur 20. september 1989. Notaður í fyrrnefndri kjörbúð.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar”.

Dómarinn tók við máli þessu 19. mars síðastliðinn, en fram að þeim tíma hafði hann engin afskipti af því.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 18. júní 1990.

Mánudaginn 6. nóvember 1989 kom Páll Hauksson, kt. 200248-4309, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) og kærði þjófnað á seðlaveski sínu og tékkhefti kunningja síns, Eiríks Helgasonar, kt. 250627-3949. Páll kvað stuldinn hafa verið framinn aðfaranótt sunnudagsins 5. s.m., er hann var gestkomandi á heimili Eiríks að Laugarásvegi 73 hér í borg, en þá nótt hefðu tvær konur komið heim til Eiríks og haft þar stutta viðdvöl. Morguninn eftir hefði síðan komið í ljós, að framangreindra verðmæta var saknað. Páll kvaðst hafa grennslast fyrir um konurnar og komist að því, að þær heita Ída og Katla, og búi hin síðarnefnda að Vesturgötu 22.

Ákærðu var kynnt ofangreind kæra við yfirheyrslu hjá RLR 8. janúar

1990. Kvaðst hún ekkert geta tjáð sig um málið, þar sem hún myndi ekki eftir ætlaðri heimsókn að Laugarásvegi 73. Ákærðu voru því sýnd ljósrit tékka þeirra, sem lýst er í 1.-4. og 6. tl., og frumrit tékkans í 5. tl. ákæruskjals. Aðspurð kannaðist hún síðan við rithönd sína á tékkunum og játaði fölsun þeirra allra. Hins vegar sagðist ákærða ekki vita, hvernig tékkhefti Eiríks hefði borist sér í hendur, og mundi ekkert nánar eftir notkun tékkanna. Tók ákærða fram af þessu tilefni, að hún hefði á umræddum tíma verið „mikið undir áhrifum fíkniefna“, og væri minni sitt skert af þeim sökum. Ákærða kvaðst vera reiðubúin að endurgreiða helming tékkafjárhæðanna til móts við Ídu Harðardóttur.

Ída Harðardóttir var yfirheyrð hjá RLR 12. s.m. vegna ætlaðrar aðildar að málinu. Hún kvaðst muna eftir því að hafa farið ásamt ákærðu að Laugarásvegi 73 einhvern tíma að morgni dags í nóvember 1989, en neitaði að hafa stolið þar nokkrum hlut. Hvort ákærða hefði stolið einhverju, vissi Ída ekki, þar sem hún hefði lítið fylgst með ferðum ákærðu þar inni. Nokkrum dögum síðar hefði ákærða svo hringt til Ídu og beðið hana að skipta fyrir sig tékkum. Minnti Ídu, að ákærða hefði sagt, að tékkarnir væru í lagi, en hún gæti bara ekki skipt þeim, þar sem hún hefði engin persónuskilríki. Þær stöllur hefðu síðan farið saman í verslunarmiðstöðina Glæsibæ, þar sem Ída skipti nokkrum tékkum.

Ídu voru því næst sýnd ljósrit tékka í 1.-4. og 6. tl. ákæruskjals og hún beðin að tjá sig um hvern einstakan þeirra. Neitaði hún allri aðild að fölsun tékkanna, en viðurkenndi að hafa selt þá og kvaðst hafa verið í góðri trú. Ekki mundi hún, hvað keypt var fyrir tékkann í 1. tl., en kvað það hafa verið eitthvert litliræði, sem hún fékk að halda sjálf, en afganginn af peningunum hefði hún afhent ákærðu. Fyrir tékkann í 2. tl. keypti Ída barnasundföt, að andvirði um 1000 krónur, en afganginn hefði ákærða fengið í hendur. Tékkann í 3. tl. sagðist Ída hafa notað til matvörukaupa, en einhvern afgang hefði hún fengið í reiðufé, sem ákærða tók til sín. Tékkinn í 4. tl., sagði Ída, að hefði verið notaður til að kaupa bensín á bifreið ákærðu, sem fengið hefði afganginn af andvirði tékkans. Loks hefði Ída notað tékkann í 6. tl. til að símsenda peninga fyrir ákærðu til einhvers manns á Akureyri.

Ákærða var kvödd að nýju til yfirheyrslu 17. janúar s.á. og var þá kynntur framburður Ídu Harðardóttur. Ákærða mótmælti ekki framburðinum, en kvaðst enn ekkert geta borið um málsatvik sökum minnisleysis.

Hér fyrir dómi hefur ákærða borið, að hún muni ekkert eftir ætlaðri heimsókn að Laugarásvegi 73, en taldi þó ekki ólíklegt, að hún hefði farið þangað umrætt sinn. Jafnframt sagði ákærða það geta verið rithönd sína á framangreindum sex tékkum, en eins gæti verið, að einhver hefði stælt rithöndina. Að öðru leyti kvaðst hún ekkert geta tjáð sig um málsatvik,

þar sem nóvembermánuður 1989 væri „algerlega dauður“ fyrir henni. Er borin var undir ákærðu játning hennar hjá RLR, kvaðst hún á þeim tíma, er skýrslan var tekin, hafa verið fárveik af gulu, og eins hefði hún verið á einhverjum lyfjum. Kvaðst ákærða ekki muna frekar eftir nefndri yfirheyrslu, en staðfesti nafnritun sína á viðkomandi skýrslu.

Vegna framburðar ákærðu um veikindi og lyfjanotkun voru rannsóknar-lögreglumennirnir Lúðvík Jóhannes Eiddsson, Óskar Sigurðsson og Egill Bjarnason kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra sem og annarra vitna, sem komið hafa fyrir dóm vegna málsins.

Vitnið Lúðvík Eiddsson staðfesti, að það hefði annast báðar yfirheyrslurnar hjá RLR og ákærða skýrt þar frá málsatvikum í samræmi við efni skýrslanna beggja. Hefði hún svo lesið skýrslurnar yfir í lok yfirheyrslu og því næst staðfest þær með nafnritun sinni. Aðspurt kvaðst vitnið hafa sótt ákærðu til yfirheyrslu, í fyrra skiptið á geðdeild Landspítalans og í síðara skiptið á Vífilsstaðaspítala. Virtist ákærða vera meðvituð um stað og stund, og minntist vitnið þess ekki, að hún hefði verið í óeðlilegu ástandi, en gat þess jafnframt, að það þekkti hana ekki fyrir.

Vitnið Óskar Sigurðsson staðfesti, að það hefði vottað fyrri framburðarskýrslu ákærðu, og minntist ekki neins óeðlilegs í fari ákærðu, er hún undirritaði skýrsluna. Vitnið Egill Bjarnason tók í sama strang, en það staðfesti undirritun ákærðu á síðari framburðarskýrslunni. Hvorugt vitnanna minntist þess, að ákærða hefði haft í frammi athugasemdir við undirritunina.

Ída Harðardóttir gaf skýrslu vitnis fyrir dómi. Kvaðst hún lítið muna eftir málsatvikum, en kannaðist við framsalsnafnritun sína á tékkum í 1.-4. og 6. tl. ákæru, en ítrekaði jafnframt, að hún hefði selt þá alla í góðri trú. Vitnið sagðist ekki vita, hvort það hefði fengið tékkana frá ákærðu, og kvað minni sitt frá þessum tíma vera svo skert sökum fíkniefnaneyslu, að það gæti ekkert borið um málsatvik. Vitnið staðfesti hins vegar skýrslu þá, er það gaf við lögreglurannsókn málsins, og kvað þar rétt eftir sér haft. Þó gat vitnið þess, að það hefði aldrei séð ákærðu útfylla umrædda tékka, og vissi ekki, hvernig þeir væru til komnir.

Vitnið Helga Jónína Steinsdóttir, verslunarstjóri hjá Hans Petersen í Glæsibæ, skýrði svo frá, að það hefði verið statt í versluninni, er tékka þeim, sem lýst er í 5. tl. ákæru, var þar skipt. Jónína Pálmadóttir afgreiðslustúlka hefði á greindum tíma verið frammi í verslun við störf og komið með tékkann inn á kaffistofu og spurt vitnið, hvort óhætt væri að veita tékkanum viðtöku. Vitnið minnti fastlega, að búið hefði verið að rita framsal á tékkann og það hefði verið í samræmi við persónuskilríki með mynd, sem seljandi tékkans afhenti. Jónína hefði ekki getið um annað en

að myndin í skilríkjunum væri af þeim, sem væri að selja tékkann, og kannaðist vitnið við ákærðu af þeirri mynd, en þær hefðu áður verið saman í skóla. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð ákærðu frammi í verslun. Það hefði síðan samþykkt kaup á tékkanum, en vissi ekki, hvað keypt var fyrir hann.

Vitnið Jónína Sigrún Pálmadóttir kvað sig minna, að það hefði tekið við ofangreindum tékka í verslun Hans Petersens skömmu fyrir júl 1989, og hefði kona nokkur, á að giska 35 ára gömul, notað hann til kaupa á tveimur myndavélum. Þar sem konan framvísaði gömlum persónuskilríkjum með mynd, sem vitnið var í vafa um, hvort væri af notandanum, hefði það farið með skilríkin inn í bakherbergi og spurt verslunarstjórann, Helgu Jónínu Steinsdóttur, hvort það mætti taka við tékkanum sem greiðslu. Helga hefði kannast við myndina í skilríkjunum og sagt, að það væri í lagi að taka við tékka frá viðkomandi konu. Minnti vitnið, að Helga hefði síðan gægst fram í verslunina og staðfest, að notandi tékkans væri sama kona og myndin væri af.

Í rekstri málsins hefur farið fram rithandarrannsókn og samanburður á rithandarsýnum ákærðu við rithönd á þeim tékkum, sem í ákæru greinir. Rannsóknina annaðist Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður, en samkvæmt gögnum málsins hefur hann hlotið viðtæka menntun og starfsreynslu í skjalarannsóknnum. Í niðurstöðum Haralds, sem hann hefur staðfest fyrir dómi og beinast aðallega að rannsókn á tékkum í 1.-5. tl., segir m.a. svo:

„Það er niðurstaða undirritaðs, að yfirgnæfandi líkur séu á því, að Katla Sigurgeirsdóttir, kt. 140858-5449, hafi fyllt út umrædda tékka... Þar sem ekki er að finna í gögnum málsins frumrit, heldur ljósrit, af tékka nr. 4303262, sem stílaður er á Póst og síma, að fjárhæð 15.000,00 kr., er ekki tekin afstaða til hans með afgerandi niðurstöðu. Þar sem sá tékki er hins vegar tilgreindur í ákæruskjali, lætur undirritaður það álit sitt í ljós, að ekki sé annað að sjá á ljósriti þessu en útfylling hans sé í fullkomnu skriftarlegu samræmi við útfyllingu þeirra tékka, sem hér er fjallað um og tilgreindir eru hér að framan.”

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, hefur vitnið Ída Harðardóttir borið fyrir dómi, að ákærða hafi hringt til vitnisins í nóvember 1989 og beðið það að selja fyrir sig tékka þá, sem lýst er í 1.-4. og 6. tl. ákæruskjals. Segist vitnið ekki hafa séð ákærðu útfylla tékkana, en saman hafi þær farið í verslunarmiðstöðina Glæsibæ, þar sem vitnið framseldi umrædda tékka og notaði í viðskiptum „í góðri trú”, svo að notuð séu orð vitnisins. Ákærða hefur borið fyrir sig algert minnisleysi um málsatvik, en kannaðist þó við nafnritun sína á framhlið tékkanna fimm við yfirheyrslur hjá RLR og játaði fölsun

þeirra allra. Hér fyrir dómi hefur hún hins vegar hvorki viljað játa ætluð brot né neita og borið fyrir sig, að hún hafi verið veik af gulu og undir áhrifum lyfja, er hún var yfirheyrð hjá RLR. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður þessa fullyrðingu ákærðu, og bendir framburður vitna frekar til hins gagnstæða. Þá hefur ákærða ekki vefengt framburð Ídu Harðardóttur og niðurstöðu fyrirbyggjandi rithandarrannsóknar, sem hvort tveggja þykir veita veigamikla vísbendingu um sök ákærðu. Þegar framangreind atriði eru öll virt í heild, þykir nægilega sannað, að ákærða hafi gefið út ofangreinda tékka í nafni Eiríks Helgasonar og notað þá í viðskiptum á þann hátt, er í ákæru greinir. Varðar þessi háttsemi við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er og sannað með vísan til ofanritaðs, sem stoð fær í framburði vitnanna Helgu Jónínu Steinsdóttur og Jónínu Sigrúnar Pálmadóttur, að ákærða hafi gefið út og notað í viðskiptum tékka þann, sem lýst er í 5. tl. ákæru. Þykir hún einnig með þeirri háttsemi uppvís að broti gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirgreindir aðilar hafa lagt fram skaðabótakröfur í málinu vegna hinna fölsuðu tékka, sem allir eru ógreiddir:

Verslunin Útilíf hf. og Olíufélagið hf. hafa krafist endurgreiðslu á höfuðstól tékka í 2. og 4. tl. ákæru, en þar sem fram er komið, að ákærða var ekki ein um notkun þessara tékka, ber að vísa kröfunum frá dómi með skírskotun til 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 54, 1988.

Þá hefur Klemenz Eggertsson hdl., Garðatorgi 5, Garðakaupstað, krafist þess f.h. Hans Petersens hf., að útgefandi tékkans í 5. tl. ákæru verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkans, 7.000 krónur, ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékkans til greiðsludags. Tékkinn var sýndur í banka 7. nóvember 1989. Þrátt fyrir mótmæli ákærðu þykir rétt að taka kröfu þessa til greina og dæma hana til að greiða höfuðstól tékkans ásamt dráttarvöxtum skv. 15. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 7. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 23. júlí 1990.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu RLR, dagsettri 6. október 1989, var þann dag haft samband við útibú Landsbanka Íslands á Rauфарhöfn og óskað eftir upplýsingum um það, hver væri eigandi tékkheftis, er hefði að geyma eyðublöð nr. 192501-25, en þá voru RLR farnir að berast falsaðir tékkar úr heftinu. Í ljós kom, að ákærða hafði fengið umrætt tékkhefti út á reikning sinn þar við bankann, en reikningnum síðan verið lokað í janúar 1989, án þess að heftinu væri skilað.

Einn framangreindra tékka er sá, sem lýst er í 2. tl. ákæru, en 27. septem-

ber s.á. hafði Nesti hf. sent RLR tékkann með þeirri orðsendingu, að hann hefði verið notaður í einni af verslunum Nestis sem greiðsla fyrir vörur. Við sýningu í banka hefði síðan ekki reynst vera næg innstæða á þessum tékkareikningi og eigandi hans, ákærða, ekki sinnt tilmælum um að greiða fjárhæð tékkans. Lagði félagið því fram kæru á hendur henni og krafðist auk þess skaðabóta.

Næst gerðist það í málinu 29. janúar 1990, að fyrirsvarsmaður Kjörbúðarinnar Laugaráss lagði fram kæru á hendur þeim aðila, sem framvísað hafði í versluninni tékkum þeim, sem lýst er í 1. og 3. tl. ákæru, og krafðist jafnframt endurgreiðslu á höfuðstól tékkanna ásamt vöxtum. Í kæru vegna fyrri tékkans segir, að hann hafi verið notaður til vörukaupa 11. september 1989, en ekki væri vitað, hver notandinn væri, né heldur, hver starfsmanna verslunarinnar hefði tekið við tékkanum. Í kæru vegna síðari tékkans segir, að honum hafi verið veitt viðtaka 20. s.m., en ekki lægju fyrir nánari upplýsingar um notkun hans.

Ákærða kom til skýrslugjafar hjá RLR vegna málsins 30. janúar 1990. Hún skýrði svo frá, að hún hefði í janúar 1989 haft samband við útibú Landsbankans á Raufarhöfn og óskað eftir, að tékkareikningi sínum yrði lokað. Sendi hún útibúinu síðan tékkhefti það, sem hún var með í notkun, ásamt meðfylgjandi bankakorti, en áttaði sig ekki á því, að hún ætti annað ónotað hefti í fórum sínum, þ.e. hefti það, sem umræddir tékkar væru úr. Mörgum mánuðum síðar hefði hún svo uppgötvað, að hún hafði þetta hefti undir höndum, og ætlað þá í fyrstu að senda heftið norður, en einhverra hluta vegna hefði það þó farist fyrir. Í ágúst taldi ákærða, að hún hefði svo farið að nota tékka úr þessu hefti, þrátt fyrir það að hún vissi, að reikningnum hefði verið lokað. Hún kvaðst að jafnaði hafa hagað notkuninni á þann hátt, að hún samdi um það við viðtakendur tékkanna, að þeir geymdu þá sem tryggingu, en síðan hefði hún komið aftur og leyst tékkana til sín. Kvaðst ákærða hafa gert þetta nokkrum sinnum, en einhverjir tékkanna hefðu engu að síður verið innleystir. Í stað þess að rífa tékkana, eftir að hún hefði leyst þá til sín, setti ákærða þá niður í skúffu á þáverandi heimili sínu, og kvaðst hún vera þess fullviss, að einhverjir þeirra fjölmörgu aðila, sem komu á heimilið á þessum tíma, hefðu tekið suma tékkana og sett þá aftur í umferð.

Ákærðu voru sýnd frumrit tékkanna þriggja, sem lýst er í ákæruskjali, og kannaðist hún við að hafa útfyllt þá að öllu leyti. Hins vegar treysti hún sér ekki til að fullyrða, hvort hún hefði notað tékkana sjálf á þeim stöðum, er í ákæru greinir. Tékkann í 1. tl. sagði hún geta verið einn þeirra, sem hún leysti aftur til sín og hefði síðan verið notaður að nýju. Af þeim sökum hafnaði hún algerlega bótakröfu vegna þess tékka. Ákærða taldi hins vegar líklegt, að hún hefði notað tékkann í 2. tl. sjálf, en síðan látið

undir höfuð leggjast að leysa hann til sín. Féllst hún því á bótakröfu vegna umrædds tékka. Ákærða kannaðist síðan ekkert við notkun tékkans í 3. tl. og hélt því fram, að þar væri á ferð einn þeirra tékka, sem hún hefði sett ofan í skúffu, en einhver annar notað í viðskiptum að nýju. Mótmælti hún því bótakröfu vegna tékkans.

Er ákærðu var birt ákæra í málinu, hreyfði hún ekki sérstökum mótmælum við efni hennar og viðurkenndi útgáfu tékkanna þriggja. Ekki minntist hún þess að hafa beðið viðtakendur tékkanna að geyma þá, en taldi þó, að hún hefði notað einhvern tékka úr heftinu á þennan hátt, og minnti, að það hefði verið í verslun Nestis í Kópavogi. Eftir að ákærða hafði lesið yfir framburðarskýrslu sína hjá RLR, kvað hún þetta rifjast betur upp fyrir sér og skýrði síðan frá málsatvikum í samræmi við þá skýrslu. Aðspurð kvaðst ákærða hafa notað nokkra tékka úr umræddu hefti í söluturnum við Vesturgötu, og einum tékka varði hún til bensínkaupa hjá Nesti í Fossvogi. Kvaðst hún í öllum tilvikum hafa dagsett tékkana fram í tímann og viðtakendur þeirra lofað að geyma þá í nokkra daga. Ákærða kvaðst ekkert geta sagt til um, hvort einhverjir þessara tékka væru hinir sömu og í ákæru greinir. Hins vegar kvað hún tékkann í 2. tl. geta verið þann, sem hún notaði til bensínkaupanna, en fullyrti, að hún hefði aldrei komið í Kjörbúðina Laugarás, og því hafi hún ekki getað notað þar tékkana, sem lýst er í 1. og 3. tl. ákæru. Ákærða gat þess sérstaklega, að hún hefði ekki gefið neina tékka út í sviksamlegum tilgangi og ætlun sín aldrei verið sú að blekkja neinn í lögskiptum. Framlögðum bótakröfum hafnaði hún með öllu.

Umboðsmenn tékkaeigendanna komu fyrir dóm vegna málsins, Jónas Magnús Guðmundsson f.h. Nestis hf. og Jóhann Stefánsson f.h. Kjörbúðarinnar Laugaráss. Hvorugur þessara aðila gat upplýst frekar um notkun tékkanna. Vitnið Jónas aftók ekki, að einhver starfsmanna Nestis í Fossvogi hefði tekið til geymslu tékka þann, sem í 2. tl. greinir, en tékkinn hefði þá verið sendur skrifstofu Nestis, og þangað hefði notandinn þurft að koma til að leysa hann til sín. Mundi vitnið ekki til þess, að svo hefði verið gert. Vitnið Jóhann kvað ólíklegt, að starfsfólk Laugaráss hefði tekið við tékkunum í 1. og 3. tl. til geymslu, þar sem slíkt væri ólöglegt, en kvað þetta þó stöku sinnum hafa verið gert fyrir reglulega viðskiptavinum. Vitnið kvað notkunardag tékkanna vera óljósan, þrátt fyrir það að annað kæmi fram í kærum til RLR, enda hefði þar eingöngu verið um ályktun vitnisins að ræða.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur ákærða viðurkennt að hafa gefið út þá þrjá tékka, sem lýst er í ákæru, þrátt fyrir það að hún vissi, að engin

innstæða væri á reikningi sínum og honum hefði verið lokað rúmlega hálfu ári áður. Tékkana kvaðst hún hafa dagsett fram í tímann og viðtakendur þeirra lofað að geyma þá í nokkra daga sem tryggingu, en síðan hefði ákærða ætlað að leysa tékkana til sín gegn greiðslu í reiðfé. Ekki mundi ákærða, hvar hún notaði tékkana, en taldi þó líklegt, að hún hefði notað tékka þann, sem lýst er í 2. tl. ákæruskjals, til bensínkaupa hjá Nesti í Fossvogi og að þann tékka hefði farist fyrir hjá sér að leysa til sín og hann því verið innleystur í banka. Hina tékkana hefði hún hins vegar fengið aftur og varðveitt á heimili sínu, þar sem þeir hlytu síðar að hafa verið teknir ófrjálsri hendi og notaðir í viðskiptum að nýju í Kjörbúðinni Laugarási, en þangað, fullyrðir ákærða, að hún hafi aldrei komið.

Eins og sakargögnum er farið í málinu, þykir verða að leggja ofangreindan framburð ákærðu til grundvallar og telja ósannað, að hún hafi staðið þannig að útgáfu tékkanna þriggja, að varði við 248. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna hana af því broti. Með útgáfu tékkanna hefur hún hins vegar gerst brotleg við 1. mgr. 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977, og þykir mega ákveða henni refsingu fyrir þá háttsemi með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, enda hefur verjanda ákærðu verið bent á þetta við meðferð málsins og gefinn kostur á að reifa málið með þetta í huga.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu ber að vísa bótakröfum vegna tékka í 1. og 3. tl. frá dómi, en dæma ákærðu til að greiða Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur vegna tékkans í 2. tl., enda telur dómurinn sannað, að ákærða hafi sjálf notað þar í viðskiptum umræddan tékka, og er krafa félagsins sanngjörn og nægilega rökstudd.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu gekkst hún árið 1979 undir dómsátt fyrir of hraðan akstur, en hefur annars ekki orðið uppvís að refsiverðri háttsemi, svo að vitað sé.

Refsing.

Ákærða hefur með framangreindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 73. gr. tékkalaga. Þykir refsingin með hliðsjón af framansögðu og 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði. Þar sem ákærða hefur ekki áður hlotið refsidóm fyrir sams konar eða samkynja brot, þykir þó mega ákveða að fresta fullnustu refsingarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan. Vísast nánar til dæmdra krafna í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Katla Sigurgeirsdóttir, sæti fangelsi tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði Klemenz Eggertssyni hdl. f.h. Hans Petersens hf. 7.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 7. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærða greiði Nesti hf. 3.000 krónur í skaðabætur.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 60.000 krónur.
